# Námsáætlun fyrir textílmennt - 5. bekkur
# skólaárið 2024 – 2025

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar<br><br>-fjallað um efnisfærði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum<br><br>-unnið með einföld snið og uppskriftir | Vélsaumur – endurvinnsluverkefni þar sem nemendur sauma og hanna húfu úr hettupeysu.<br><br>Blóma útsaumsmynd - nemendur læra útsaumssporin aftursting, lykkjuspor, greinaspor og leggsaum. Saumað er út í java með perlugarni.<br><br>Tóvinna - nemendur fá kynningu á tóvinnu.<br><br>Jurtalitun / vefnaður- nemendur læra að lita þráð með jurtum og öðru litarefni. Vefa voð/efni úr lituðum þræðinum og nýta í verkefnagerð. | Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -þróað eigin hugmyndir í textílverk<br><br>-notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textílefna<br><br>-nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu | Verkefnið húfa úr hettupeysu.<br><br>Jurtalitun-hanna og vinna verkefni úr eigin vefnaði.<br><br>Útsaumsmynd – nemendur vinna með litaval og skreyta með tölum.<br><br>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu.<br><br>Nemendur horfa á mynd af youtube um íslensku ullina og tóvinnu. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **Menning og umhverfi**<br><br><br><br><br><br>**Menningarlæsi** | -fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni<br><br>-gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum<br><br>-lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum<br><br>-sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði | Nemendur læra um íslensku ullina, helstu eiginleika hennar og þýðingu ullarinnar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina<br><br>Endurvinnsluverkefni úr hettupeysum.<br><br>Nemendur tjá sig um og útskýra verkefnavinnu sína.<br><br>Nemendur ganga frá eftir sig í lok hvers tíma | Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Áhrif textíls á umhverfi okkar og í sögulegu samhengi. |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.